

## **Starfskýrsla - Heilsueflandi Flúðaskóla**

### **Skólaárið 2020-2021**

Stýrihópur 2020 - 2021 var skipaður; Freyju Þorkeldsdóttur, Helenu Eiríksdóttur, Katrínu Guðjónsdóttur og Margréti Guðmundsdóttur. Hópurinn kom fyrst saman í október og síðan hittist hann 4x yfir skólaárið. Áhersla á þessu skólaári var á næringu og vorum við í sambandi við Gunnar hjá heilsueflandi samfélagi. Það var ýmislegt heilsueflandi gert á liðnu skólaári bæði hvað nemendur og starfsfólk varðar en hér verður einungis greint frá því sem kom frá stýrihópnum. Lögð var fyrir könnun um mötuneyti í Flúðaskóla fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Niðurstöður lágu fyrir í lok skólaárs og vonandi verður unnið úr þeim fyrir næsta skólaár.

Vegna takmarkandi þátta í samfélaginu reyndist erfitt að setja upp einhverja dagskrá eða tillögur að viðburðum.

Hópurinn hvatti til þátttöku í Lífshlaupinu og sendi niðurstöður til Gunnars. Minnti á Hjólað í vinnuna og á tannverndarvikuna. Hópurinn tók þátt í samráðsfundi á vegum Landlæknisembættisins um heilsueflandi grunnskóla.

#### **Til athugunar fyrir næsta skólaár:**

- Tækifæri fyrir kennara að stunda líkams- / hugrækt innan vinnutímaramma.
- Bæta útileiksvæði nemenda
- Hafa útivist / hreyfingu daglega ca. 20 mín (utan venjulegra íþróttar). Tillaga frá nemendum.
- Setja hnapp í alla Ipada ; Barnavernd ( tilkynning til Barnaverndarstofu) að fyrirmynd Kópavogsbæjar. Sjá kvöldfréttir á RUV þann 6. júní 2021.

Flúðum 7. júní 2021

Freyja Þorkeldsdóttir, Helena Eiríksdóttir, Katrín Guðjónsdóttir og Margrét Guðmundsdóttir